

1978 nr. 45 11. maí**Lög um manneldisráð**

■ **1. gr.** Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist manneldisráð. Manneldisráð skal undir stjórn heilbrigðismálaráðherra vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði, nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál.

■ **2. gr.** Manneldisráð getur annast ráðgjöf til annarra aðila samkvæmt sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

■ **3. gr.** Í manneldisráði eiga sæti fimm menn er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

□ Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu á manneldismálum.

□ Ráðherra skipar einn ráðsmanna formann manneldisráðs.

■ **4. gr.** Manneldisráð getur, að fenginni heimild ráðherra, sett á fót samstarfshópa um mikilvæg málefni, jafnframt því, sem það getur kallað sérfræðinga sér til ráðuneytis.

□ Manneldisráð getur kallað saman manneldisþing eftir því sem tilefni gefst til.

■ **5. gr.** Manneldisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

□ Manneldisráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

■ **6. gr.** Ráðherra setur manneldisráði starfsreglur.¹⁾

¹⁾ Rg. 226/1991.